

með taldir dragstrengir, skulu upptæk ger, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómur þessi er kveðinn upp af Torfa Jóhannssyni bæjarfógeta og meðdómsmönnum Páli Þorbjörnssyni og Þorsteini Jónssyni skipstjórum.

#### Dómsorð:

Ákærði, Urbain Laplasse, greiði 10.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Henriette, O. 236, eru ger upptæk, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. febrúar 1954.

Nr. 181/1953. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Sigurður Ólason)

gegn

**Hólmjarni J. Hólmjárn** (Lárus Jóhannesson)  
og gagnsök.

Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.**

Skaðabætur vegna afnáms embættis.

#### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. nóvember 1953 að fengnu áfrýjunarleyfi 27. október s. á. Krefst hann *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og dæmdur málskostnaður úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst aðaláfrýjandi þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og hvor málsaðilja látinn bera kostnað sinn af málinu.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu af sinni hálfu til Hæstaréttar með stefnu 4. nóvember 1953 að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 27. október s. á. Krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 265.771,00 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Staða gagnáfrýjanda var lögð niður með lögum nr. 11/1951, en nú eru ekki lengur, eins og áður var, lögmælt eftirlaun til handa embættismanni, sem þannig verður að láta af embætti, án þess að sakir séu sannaðar. Ber því að dæma gagnáfrýjanda, sem misst hefur þessa stöðu sína án nokkurra saka, bætur úr hendi aðaláfrýjanda. Þykja þær eftir öllum atvikum og högum gagnáfrýjanda hæfilega ákveðnar kr. 60.000,00, með vöxtum eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8.000,00.

#### Dómsorð :

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Hólmjarni J. Hólmjárn, kr. 60.000,00 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951 til greiðsludags og kr. 8.000,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1953.**

Mál þetta, sem var dómtekið 24. f. m., hefur Hólmjárn Jósefsson Hólmjárn höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 28. okt. 1952, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á kr. 265.771,00 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Í 11. gr. laga nr. 38 frá 1937 segir svo: „Landbúnaðarráðherra skipar ráðunaut með sérþekkingu í loðdýrarækt og gefur út erindisbréf handa honum. Skal hann launaður úr ríkissjóði.“ Í 12. gr. sömu laga eru talin störf þau, er loðdýraræktarráðunaut eru falin: almenn fræðsla og leiðbeiningar um loðdýrarækt, dómarastörf á loðdýrasýningum og yfirumsjón með merkingu loðdýra og ættbókarfærslu.

Með lögum nr. 94 frá 1940 var m. a. sett það skilyrði um ráðunautinn, að hann skyldi hafa tekið fullnaðarpróf við landbúnaðarháskóla á Norðurlöndum eða annan hliðstæðan skóla. Stefnandi var settur til að gegna starfi þessu frá 1. sept. 1937, en hinn 20. ágúst 1942 var hann skipaður ráðunautur frá 1. sept. s. á. Með bréfi landbúnaðar-ráðherra, dags. 11. sept. 1950, var stefnanda veitt lausn frá störfum loðdýraræktarráðunautar ríkisins frá 1. apríl 1951 að telja. Stefnandi hafði eigi beðið um lausn, en bréf ráðherra hljóðar svo:

„Þar sem loðdýrarækt landsmanna hefur dregizt mjög saman hin síðari ár og ekki er af þeim sökum orðið um fullt starf að ræða fyrir ráðunautinn í þeirri grein, telur ráðuneytið ónaudsynlegt að halda mann á fullum launum og með sérstakt skrifstofuhald við það starf. Hefur ráðuneytið því ákveðið að bera fram frumvarp á næsta Alþingi um breyting á lögum nr. 112 30. september 1947, um loðdýrarækt, þess efnis, að lagt verði niður starf ríkisráðunautarins í loðdýrarækt, en þau störf, sem hann hefur haft með höndum, verði falin Búnaðarfélagi Íslands.“

Með skírskotun til þessa veitir ráðuneytið yður hér með, herra loðdýraræktarráðunautur, lausn frá störfum loðdýraræktarráðunautar ríkisins frá 1. apríl nk. að telja.“

Frumvarp það, er ræðir um í bréfinu, var fram borið og samþykkt sem lög nr. 11 frá 1951. Með lögum þessum var lagt niður starf þetta, en í 3. gr. þeirra er svo ákveðið, að Búnaðarfélag Íslands skuli fela einum af ráðunautum sínum þau störf, sem ríkisráðunauturinn í loðdýrarækt hafði haft með höndum. Eftir að stefnandi lét af störfum, bauð hann stefnda starfskrafta sína í skyldum starfsgreinum og sótti um kennarastöðu við bændaskólann á Hólum. Eigi var boði hans né umsókn sinnt, og höfðaði stefnandi síðan mál þetta. Reisir hann kröfur sínar á því, að hann hafi mátt vænta þess, er hann varð loðdýraræktarráðunautur ríkisins, að hann mætti gegna þeim starfa, á meðan hann hefði heilsu til og væri undir lögmæltu aldurshámarki opinberra starfsmanna, enda bryti hann eigi af sér í starfi, svo að réttlætt fengi uppsögn. Telur hann, að uppsögn þessi jafngildi brottvikningu án saka, og bendir jafnframt á, að störf þau, er hann gegndi, hafi eigi verið lögð niður, heldur falin öðrum aðiljum. Stefnandi hefur látið tryggingarfræðing reikna verðmæti launataps síns um tímabilið 1. apríl 1951 til 31. jan. 1961 svo og væntanlegt tap af því, að niður falla iðgjaldsgreiðslur launagreiðanda til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Samkvæmt þeim reikningum nemur launatapið kr. 250.727,00, en hið síðara 6% af þeirri fjárhæð eða kr. 15.044,00. Til vara heldur stefnandi því fram, að honum hafi verið sagt upp með of skömmum fyrirvara, enda uppsögnin verið bundin skilyrði, sem eigi var fullnægt fyrr en við gildistöku laganna nr. 11 frá 9. febrúar 1951.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að grundvöllurinn fyrir

starfa stefnanda hafi verið fallinn niður, vegna þess að atvinnuvegur sá, er starfið var tengt, sé nú sem næst niður lagður. Bendir hann á, að loðdýr í eldi hafi verið á ellefta þúsund árið 1941, en 1950 aðeins um 800, og nú séu í eldi um 180 minkar og innan við 50 refir. Minkabú megi eigi reka eftir 1956. Telur hann stefnanda því ekki eiga rétt til bóta úr hendi stefnda, enda vefengir hann, að það sé almenn regla, að íslenzkur embættismaður eigi rétt til bóta fyrir það, að starf hans sé lagt niður. Þá telur hann, að uppsagnarfrestur hafi verið nægur, og til vara mótmælir hann kröfum stefnanda sem of háum. Loks mótmælir hann sérstaklega kröfu stefnanda um bætur fyrir niðurfall iðgjaldsgreiðslna í lífeyrissjóð.

Þótt loðdýrarækt væri í vexti, þegar stefnandi gerðist ráðunautur, var hún nýr atvinnuvegur og ósýnt, hverja framtíð hún ætti fyrir höndum hér á landi. Mátti stefnandi því vera við því búinn, að breytingar kynnu að verða gerðar um tilhögun eftirlits og umsjónar af hálfu stjórnarvalda með atvinnugrein þessari. Hins vegar mátti hann og ætla, að hann mundi til nokkurrar frambúðar gegna starfi sínu, ekki sízt eftir að staða hans var tekin í lög um laun starfsmanna ríkisins frá 1945 og grunnlaun þar ákveðin kr. 8.400,00. Að þessu athuguðu svo og því, að störf stefnanda hafa ekki með öllu verið lögð niður, heldur falin öðrum aðiljum, þykir stefnandi eiga rétt til bóta fyrir það, að staða hans var lögð niður og hann sviptur launum aðeins með rúmlega 6 mánaða fyrirvara og án nokkurra saka af hans hálfu.

Stefnandi er fæddur 1. febrúar 1891 og var því 60 ára og 2 mánaða gamall, er hann lét af störfum. Hér að framan var greint frá niðurstöðum tryggingarfræðings um launatap stefnanda og tjón vegna niðurfalls lífeyrissjóðsiðgjalda. Að öllu framanrituðu athuguðu þykja bætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 45.000,00, og verður stefnandi því dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar með vöxtum, eins og krafizt var, svo og málskostnaðar, er ákveðst kr. 4.200,00.

Magnús P. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Hólmjárnri Jósefssyni Hólmjárn, kr. 45.000,00 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951 og kr. 4.200,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---